

## Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um umhverfisvöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar.

1. *Hyggst ráðherra koma á frekari vöktun umhverfisáhrifa Kárahnjúkavirkjunar á framkvæmdatíma virkjunarinnar, m.a. með tilliti til hreindýra, fugla, gróðurs og aksturs utan vega?*

Í úrskurði umhverfisráðuneytisins um mat á umhverfisáhrifum er kveðið á um vöktun hreindýra, fugla og gróðurs og eftirlit með akstri utan vega til þess að fylgjast með áhrifum virkjunarinnar á lífríki svæðisins.

Umhverfisstofnun hefur þegar gert samkomulag um vöktun og eftirlit með efnistöku, haugsvæðum og vegagerð eins og kveðið er á um í úrskurði ráðuneytisins. Efnisatriði úrskurðarins er lúta að vöktun verða framkvæmd eins og kveðið er á um í úrskurðinum.

Iðnaðarráðuneytið hefur skipað starfshóp til þess að fara yfir skilyrði úrskurðarins og hvernig þeim verður best fylgt eftir. Umhverfisráðuneytið á fulltrúa í hópnum. Þessi hópur mun skoða málið og gera tillögur um frekari vöktun á framkvæmdatíma virkjunarinnar telji hann ástæðu til.

2. *Mun ráðherra sjá til þess að Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofa Austurlands fái fjármagn til að sinna nauðsynlegri vöktun á umhverfi meðan á gerð Kárahnjúkavirkjunar stendur?*

Það er lögbundið hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að annast vöktun á náttúru landsins. Það er því hlutverk hennar að skipuleggja vöktun hverju sinni í samræmi við þörf og til þess eru henni ætlaðir fjármunir á fjárlögum. Náttúrustofa Austurlands hefur á undanförunum árum fengið fjárveitingar til vöktunar og rannsókna á hreindýrastofninum.

3. *Mun ráðherra, í ljósi þess að framkvæmdir eru þegar hafnar við gerð Kárahnjúkavirkjunar án þess að sérstök áætlun um vöktun hafi verið sett í gang, beita sér fyrir að slíkri áætlun verði komið á og að viðkomandi stofnanir fái fjármagn til að sinna eftirlitshlutverki sínu?*

Ráðuneytinu hefur hvorki borist tillaga né ábending um að þörf sé á sérstakri vöktunar-áætlun frá þeim stofnunum sem hlut eiga að máli, sem eru Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

4. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir fjölþættari umhverfisvöktun við Lagarfljót en fram hefur komið?*

Komi fram tillögur eða ábendingar um það frá hlutaðeigandi stofnunum verður það skoðað.

5. *Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni löggæslu og eftirliti á svæðinu á framkvæmdatíma virkjunarinnar, m.a. til að koma í veg fyrir utanvegaakstur?*

Eftirlit með akstri utan vega er samkvæmt lögum í höndum lögreglu og það er lögreglustjóra að taka ákvörðun um eftirlit með slíkum akstri. Umhverfisstofnun ber samkvæmt lögum að hafa almennt eftirlit með framkvæmd laga um náttúruvernd og umgengni í óbyggðum og ber stofnuninni því að hafa eftirlit með utanvegaakstri og koma ábendingum til lögreglustjóra um slíkan akstur. Í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga 2004 er gert ráð fyrir að fjölga um einn lögreglumann á Seyðisfirði og halda úti sérstakri umferðareftirlitsbifreið á meðan stórfamkvæmdir standa yfir á Austurlandi. Einnig er gert ráð fyrir að fjölga um einn lögreglumann á Eskifirði í sama skyni.